



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
28. september 2018

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fjórði ársfjórðungur 2018

- Á fjórða ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir 10 ma.kr. að söluvirði¹.
- Útgáfa á nýjum millilöngum verðtryggðum ríkisbréfaflokki.
- Möguleiki er á áframhaldandi útgáfu í flokkunum RIKB 22 1026 og RIKB 28 1115.

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2018 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 40 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrstu 9 mánuðum ársins var samtals 30 ma.kr. að söluvirði. Eftir er því að gefa út fyrir 10 ma.kr. á síðasta ársfjórðungi. Þessu til viðbótar hefur ríkissjóður haldið skiptiútboð með sölu á RIKB20, RIKB22 og RIKB28 vegna kaupa á RIKB19 fyrir 9,5 ma.kr. Einnig hefur ríkissjóður framkvæmt uppkaup á RIKH18 fyrir 60,5 ma.kr. það sem af er þessu ári. Kaupin hafa verið fjármögnuð með því að nýta innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands.

Á þriðja ársfjórðungi var stefnt að því að selja ríkisbréf fyrir 7-10 ma.kr. að söluvirði. Seld voru ríkisbréf fyrir 7 ma.kr. Nánari skiptingu á sölu ríkisbréfa má sjá í töflunni hér að neðan.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á þriðja ársfjórðungi

Almenn útboð	Útgáfa í ma.kr.	
	Hámark	Raun
RIKB 22 1026	7	7
RIKB 28 1115	10	0
Samtals		7

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) þ.e. verð án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Til viðbótar voru haldin skiptiútboð þann 6. júlí þar sem eigendum var boðið að skipta RIKB19 út fyrir RIKB20 og RIKB28. Niðurstaðan varð sú að Lánamál ríkisins keyptu til baka 2,8 ma.kr. í RIKB19 gegn afhendingu á RIKB20 fyrir 2,0 ma.kr. og RIKB28 fyrir 0,8 ma.kr.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi er áætluð **10 ma.kr.** Í upphafi árs var tilkynnt um fyrirhugaða útgáfu á nýjum millilöngum verðtryggðum flokki á árinu. Skilmálar nýja flokksins verða tilkynntir síðar en stefnt er á að gjalddagi flokksins verði snemma árs 2026. Viðskiptavakt verður með flokkinn. Áætluð hámarksútgáfa að söluvirði í einstökum flokkum er birt í eftirfarandi töflu.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á fjórða ársfjórðungi 2018

Fjárhæðir í ma.kr.	Útgáfa
Skuldabréfaflokkar	Hámark
RIKB 22 1026	5
RIKB 28 1115	5
Nýr millilangur flokkur	10

Möguleiki er á uppkaupum eða skiptiútboðum þar sem ríkissjóður kaupir til baka RIKB19 flokkinn gegn útgáfu í öðrum markflokkum ríkisbréfa. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skiptiútboðum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.